



## Bæjarstjórnarfundur

### FUNDUR – 10. mars 2009

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 35. fundar þriðjudaginn 10. mars 2009 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi. Stefanía Garðarsdóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

#### Dagskrá:

1. **Þriggja ára fjárhagsáætlun – síðari umræða.**
2. **Sameiginlegur fundur Framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar og bæjarstjórnar.**
3. **Samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýli Blönduósbæjar – fyrri umræða.**
4. **Fundargerðir.**
  - a. Bæjarráð frá 18. febrúar 2009.
  - b. Bæjarráð frá 4. mars 2009.
  - c. Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 9. mars 2009.
  - d. BS. um Tónlistarskóla A-Hún frá 24. febrúar 2009.
  - e. BS. um menningu og atvinnumál frá 24. febrúar 2009.
  - f. Byggðasafnsins á Reykjum frá 17. febrúar 2009.
  - g. Stjórnar SSNV frá 10. febrúar 2009.
  - h. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélagafra 27. febrúar 2009.

Forseti óskaði eftir að taka upp liðinn önnur mál og var það samþykkt.

#### Afgreiðslur:

1. **Þriggja ára fjárhagsáætlun – síðari umræða.** Mætt er til fundarins fjármálastjóri bæjarins. Fjárhagsáætlunin kynnt og tekin til afgreiðslu og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða, og yfirgaf þá fjármálastjóri fundinn.
2. **Sameiginlegur fundur Framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar og bæjarstjórnar.**

Mættir eru til fundarins Stefán Árnason tæknifræðingur og Guðmundur Haraldsson. Héðinn fór yfir stöðu mála varðandi sundlaugarbyggingu. Talsverðar umræður urðu um þessi mál og framhald á framkvæmdum. Forseti bar upp eftirfarandi tillögu; “Bæjarstjórn samþykkir að fara í lokað útboð með næsta áfanga sundlaugarbyggingar.” Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Þá yfirgáfu Stefán og Guðmundur fundinn.
3. **Samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýli Blönduósbæjar – fyrri umræða.**

Ágúst Þór fór yfir og útskýrði breytingar á samþykktinni. Samþykktinni síðan vísað til síðari umræðu með 7. atkvæðum samhljóða.
4. **Fundargerðir.**
  - a. **Bæjarráðs frá 18. febrúar 2009.**

Fundargerðin sem er í 16 liðum kynnt og tekin til umræðu. Talsverðar umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.



**b. Bæjarráðs frá 4. mars 2009.**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7. atkvæðum.

**c. Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 9. mars 2009.**

Samþykkt að fresta þessum lið til næsta bæjarstjórnarfundar.

**d. BS. um Tónlistarskóla A-Hún frá 24. febrúar 2009.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**e. BS. um menningu og atvinnumál frá 24. febrúar 2009.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**f. Byggðsafnsins á Reykjum frá 17. febrúar 2009.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**g. Stjórnar SSNV frá 10. febrúar 2009.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**h. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. febrúar 2009.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Önnur mál.**

**a. Breyting á manni í kjörstjórn í stað Stefáns Hafsteinssonar komi Elín Jónsdóttir.**

**b. Fundargerð fræðslunefndar frá 26. febrúar 2009.**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Samþykkt var með 7. atkvæðum samhljóða að vísa 2. lið til bæjarráðs til frekari umfjöllunar.

Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:40

Valgarður Hilmarsson (sign)

Stefanía A. Garðarsdóttir (sign)

Héðinn Sigurðsson (sign)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)

Ágúst Þór Bragason (sign)

Kári Kárason (sign)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign)

Valdimar Guðmannsson (sign)